

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 72/96
frá 13. desember 1996**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/95 frá 29. september 1995⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/54/EB frá 31. október 1995 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 72/245/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn rafsegultruflunum frá hreyflum með neistakveikju í vélknúnum ökutækjum og breytingu á tilskipun 70/156/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„ - 395 L 0054: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/54/EB frá 31. október 1995 (Stjtið. EB nr. L 266, 8. 11. 1995, bls. 1).“.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 301, 14. 12. 1995, bls. 36 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 48, 14. 12. 1995, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 266, 8. 11. 1995, bls. 1.

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 11. lið (tilskipun ráðsins 72/245/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„ - 395 L 0054: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/54/EB frá 31. október 1995 (Stjtið. EB nr. L 266, 8. 11. 1995, bls. 1).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/54/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 13. desember 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner